

Skýrsla
starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála
hjá lögreglu og ákærvaldi

Maí 2007

Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákærvaldi

I. Inngangur

Hinn 26. september 2006 skipaði ríkissaksóknari starfshóp til þess að kanna meðferð nauðgunarmála, rannsókn mála og ákærumeðferð. Í skipunarbréfi kemur fram að könnunin sé framhald þeirrar könnunar sem gerð er grein fyrir í skýrslu starfshóps, dagsettri 14. mars 2002, og náði yfir meðferð mála á árunum 1997 til 2001. Lagt var fyrir starfshópinn að kanna meðferð mála á árunum 2002 til og með 2006. Viðfangsefni starfshópsins var nánar tilgreint svo:

1. Að fara yfir öll nauðgunarmál sem afgreidd voru á árabílinu 2002 til og með 2006, kanna afdrif þeirra og leggja mat á rannsóknina og ákærumeðferðina.
2. Að athuga sérstaklega hvort samhengi getur verið á milli mikils fjölda niðurfelldra mála og því hvernig að rannsókn og ákærumeðferð var staðið.
3. Að endurskoða verklagsreglur um rannsókn nauðgunarmála sem gefnar voru út á grundvelli tillögu starfshópsins á árinu 2002.
4. Að gera skýrslu um athugun sína sem lokið verði eigi síðar en 31. maí 2007.

Í starfshópinn voru skipuð sem fyrir Arnar Guðmundsson, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, Gísli Pálsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóranum, Hörður Jóhannesson, aðstoðarlögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu og Ragnheiður Harðardóttir, vararíkissaksóknari, sem skipuð var formaður. Ragna Bjarnadóttir, fulltrúi ríkissaksóknara, var starfshópnum til aðstoðar.

Starfshópurinn miðaði athugun sína við öll kærumál vegna nauðgunar sem bárust ríkissaksóknara á 5 ára tímabili frá 1. janúar 2002 til ársloka 2006. Málin reyndust 156 talsins. Fjöldi kærumála sem bárust ríkissaksóknara og afdrif þeirra var sem hér segir:

Ár	Alls Fjöldi	Niðurfellt Fjöldi	Ákært Fjöldi	Sýknað í héraðsdómi Fjöldi	Sakfelld í héraðsdómi Fjöldi	Áfrýjað Fjöldi	Sýknað í	Sakfelld í	Ódæmt í
							Hæstarétti Fjöldi	Hæstarétti Fjöldi	Hæstarétti Fjöldi
2002	23	14	9	3	4	4	1	3	0
2003	41	28	13	9	4	4	1	3	0
2004	23	19	4	1	3	3	0	3	0
2005	27	17	10	4	5	2	0	2	0
2006	42	27	15	3	8	8	0	3	5
Alls	156	105	51	20	24	21	2	14	5

Fjórar ákætur eru enn ódæmdar frá árinu 2006. Ein ákæra var afturkölluð árið 2002 vegna þess að ákærði lést. Þá eru tvær ákætur ódæmdar frá 2002 og 2005, en ákærðu hurfu af landi brott áður en tókst að ljúka málum þeirra fyrir dómi.

Næstu 5 ár á undan frá 1997 til ársloka 2001 bárust ríkissaksóknara 80 kærur vegna nauðgunar. Málafjöldinn hefur því nær tvöfaldast á síðara tímabilinu sem vinnuhópurinn skoðaði. Afdrif þessara 80 kærur voru (ein ákæra var afturkölluð árið 1998):

Ár	Ákætur					Áfrýjað Fjöldi	Útfallið		
	Alls Fjöldi	Niðurfellt Fjöldi	Ákært Fjöldi	Sýknað í héraðsdómi Fjöldi	Sakfelld í héraðsdómi Fjöldi		Sýknað í Hæstarétti Fjöldi	Sakfelld í Hæstarétti Fjöldi	Ódæmt í Hæstarétti Fjöldi
1997	10	4	6	3	3	1	0	1	0
1998	22	17	5	2	2	1	0	1	0
1999	17	14	3	1	2	2	0	2	0
2000	19	14	5	1	4	2	0	2	0
2001	12	6	6	2	4	4	1	3	0
Alls	80	55	25	9	15	10	1	9	0

Athugun starfshópsins beindist að eftirfarandi atriðum:

1. *Rannsóknar- og saksóknargæði.* Með fyrri skipunarbréfi ríkissaksóknara árið 2001 var starfshópnum m.a. falið að gera upp við sig hvaða kröfur skuli gera til rannsóknar- og saksóknargæða og hvernig góð rannsókn sé framkvæmd. Starfshópurinn ákvað viðmið um það sem hann taldi vera góða rannsóknar- og saksóknarhætti. Um góða rannsóknarhætti var vitnað til ákvæða laga um meðferð opinberra mála um markmið rannsóknar (67. gr.) og fyrirmæla um hvernig þeim markmiðum verði best náð (68.-77. gr.). Önnur viðmið eru að mati starfshópsins hlutlægni og réttaröryggi, málshraði og hagkvæmni. Atriði sem þóttu helst koma til skoðunar við mat á saksóknargæðum voru málshraði, sönnunarmat og rökstuðningur fyrir niðurfellingu, auk þess sem vitnað var til hlutlægnisreglu 31. gr. oml. Við yfirferð málanna 156 var horft til þess hvort þessum viðmiðum hefði verið mætt.
2. *Fyrri athugasemdir og tillögur til úrbóta.* Horft var til atriða sem starfshópurinn hafði gert athugasemdir við í fyrri skýrslu sinni til ríkissaksóknara og hvort tillögur sem þar var að finna hefðu leitt til úrbóta.
3. *Leiðbeiningar ríkissaksóknara um rannsókn nauðgunarmála.* Skoðað var hvort ástæða væri til að endurskoða verklagsreglur um rannsókn nauðgunarmála sem ríkissaksóknari gaf út 17. apríl 2002 á grundvelli tillagna starfshópsins.

II. Meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákærvaldi

Rétt er að gera grein fyrir sérreglum og skipulagsatriðum sem helst skipta máli varðandi meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákærvaldi.

Frá 1. janúar 2007 fækkaði lögregluumdæmum úr 27 í 15. Þar af skulu 7 lögregluumdæmi hafa sérstakar rannsóknardeildir sem annast rannsókn tiltekinna alvarlegra brota, þ.m.t. kynferðisbrota. Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hefur frá sama tíma verið starfrækt sérstök rannsóknardeild í kynferðisbrotamálum.

Um rannsókn nauðgunarmála gilda sem áður segir leiðbeiningar/fyrirmæli ríkissaksóknara frá 17. apríl 2002.

Með minnisblaði ríkissaksóknara frá 27. apríl 2001 var sett markmið um málsmeðferðartíma við embættið. Stefnt skal að því að í málum sem ríkissaksóknari fer með málshöfðunarheimild í verði ákvörðun um saksókn tekin innan 30 daga frá því mál barst ríkissaksóknara. Þyki nauðsynlegt að senda mál til framhaldsrannsóknar skal ákvörðun um saksókn tekin innan 15 daga frá því mál berst ríkissaksóknara að nýju.

Samkvæmt reglum ríkissaksóknara frá 2. janúar 2007 um skiptingu viðfangsefna á vararíkissaksóknara, saksóknara og fulltrúa ríkissaksóknara skal kynna ríkissaksóknara, eða vararíkissaksóknara í fjarveru hans, drög að ákærum í málum og ákvörðunum um niðurfellingu mála. Kynferðisbrotamál verður ekki fellt niður nema áður hafi tveir saksóknarar eða saksóknari og fulltrúi lesið málgögn yfir og komist að sömu niðurstöðu án samráðs sín í milli.

Um tilkynningar til brotþola og réttargæslumanna gilda fyrirmæli/leiðbeiningar ríkissaksóknara nr. 2/2000. Því verklagi hefur verið fylgt að rökstyðja ákvarðanir um niðurfellingu kynferðisbrotamála. Samkvæmt minnisblaði ríkissaksóknara frá 16. mars 2007 skal tilkynning til kæranda (brotþola) og réttargæslumanns um niðurfellingu máls geyma samhliða rökstuðning. Tilkynning til kærða um niðurfellingu máls á hins vegar ekki að geyma rökstuðning. Verjandi kærða og viðkomandi lögreglustjóri fá afrit af tilkynningu til kærða.

Í fyrri skýrslu starfshópsins var vikið að óljósri heimild lögreglu til að geta tekið skýrslur í opinberum málum á hljóð- og myndband og er vísað til þess sem þar kom fram. Starfshópurinn taldi meðal annars að rannsóknarmarkmiðum verði betur náð taki lögreglan í auknum mæli upp það verklag að taka skýrslur kæranda og kærðu í málum vegna nauðgana og annarra alvarlegra kynferðisbrota upp á hljóð- og myndband, en benti jafnframt á að lagaheimild til þess verði að vera skýrt orðuð.

Með breytingum sem gerðar voru á 72. gr. laga um meðferð opinberra mála með 3. gr. laga nr. 86/2004 var lögreglu veitt almenn heimild til að taka yfirheyrslur af sakborningum og vitnum upp á hljóðband, myndband eða mynddisk. Auk þess var dómsmálaráðherra veitt heimild til að setja reglur um framkvæmd hljóðritana og upptöku lögregluyfirheyrslna og hefur það verið gert með reglum nr. 826/2005.

Á vegum framhaldsdeildar Lögregluskóla ríkisins var á þessari vorönn hafist handa við fyrsta hluta fræðslu- og þjálfunarátaks fyrir lögreglumenn í yfirheyrslutækni og upptöku í hljóð og mynd. Á námskeiðunum fer fram bókleg kennsla í yfirheyrslutækni og einnig verkleg þjálfun í að nota norskan upptökubúnað sem ríkislögreglustjórinn ákvað að lögreglan hér á landi skuli taka í notkun. Markmiðið með þessu er meðal annars að styrkja gæði lögreglurannsókna og framlagningu rannsóknargagna fyrir ákærvald. Vel á annað hundrað lögreglumenn og nokkrir löglærðir fulltrúar hafa nú þegar sótt þessi námskeið, sem haldin hafa verið í skólanum og úti á landi.

Af öðrum námskeiðum sem framhaldsdeildin hefur staðið fyrir má nefna að haustið 2006 var haldið sérstakt námskeið um rannsókn kynferðisbrota. Námskeiðið stóð í eina viku og var haldið fyrir 29 lögreglumenn og ákærendur. Það var skipulagt af starfshópi sem skipaður var saksóknurum hjá ríkissaksóknara, yfirmönnum rannsóknardeilda lögreglunnar í Reykjavík og deildarstjóra framhaldsdeildar Lögregluskólans. Þá hefur rannsókn kynferðisbrota verið tekin sérstaklega til skoðunar á reglulegum námskeiðum fyrir rannsóknarlögreglumenn (RLM 1), en það er þriggja vikna námskeið sem að jafnaði er haldið árlega fyrir væntanlega og starfandi rannsóknara.

Í fyrri skýrslu starfshópsins var niðurstaðan sú að lögreglurannsókn mála fullnægði almennt þeim viðmiðum sem sett voru um góða rannsóknar- og saksóknarhætti. Þó voru gerðar nokkrar athugasemdir við rannsókn þeirra mála sem voru yfirfarin og starfshópurinn taldi ekki útilokað að í einstaka tilvikum hefði niðurstaða máls getað orðið önnur ef betur hefði verið haldið á málum við rannsókn. Það er mat starfshópsins að sama eigi við um málin sem nú hafa verið yfirfarin.

Að öðru leyti eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við lögreglurannsókn málanna: *Rannsóknartími*. Tekið var saman meðaltal rannsóknartíma í dögum talið við fullrannsókuð mál frá upphafi rannsóknar til þess dags er mál var sent ríkissaksóknara.

	2002	2003	2004	2005	2006
Meðaltal dagafjöldi	195	204	153	195	210
Lengst	450	690	300	1050	599
Styst	10	10	30	36	24

Rannsókn máls hafði styst tekið 10 daga, en lengst 1050 daga. Við fyrri athugun starfshópsins kom í ljós að meðaltími rannsóknar lengdist jafnt og þétt á tímabilinu frá 96 dögum árið 1998 til 167 daga árið 2001. Meðaltími rannsóknar á því tímabili sem nú var skoðað var í öllum tilvikum lengri og náði 210 dögum árið 2006.

Rannsókn mála tekur yfirleitt of langan tíma. Dæmi eru um að rannsókn taki ekki meira en rúma viku. Í öðrum málum svipuðum að umfangi hefur rannsókn tekið 6 til 8 mánuði. Ástæða þessa virðist oftast sú að óútskýrð hlé verða á rannsókn. Í nokkrum málum hefur málsmeðferð tafist við það að beðið hefur verið eftir bótakröfum þótt mál teljist fullrannsakað. Oft virðist dragast að óska eftir dómskýrslu brotaþola, sbr. 74. gr. a. oml. Þá líður oft langur tími frá beiðni þar til dómskýrsla er tekin. Almennt virtust 7 til 10 dagar líða frá beiðni þar til skýrsla var tekin. Í einu máli liðu 28 dagar þar til skýrsla var tekin. Það er ókostur að öðruvísi skuli farið með kröfu lögreglu um dómskýrslu en kröfur um þvingunaraðgerðir, sem lagðar eru fram á dómavakt og fá afgreiðslu tafarlaust.

Upphafsáðgerðir. Tæknirannsóknir. Ekki var alltaf fylgt fyrirmælum um að handtaka kærða og færa tafarlaust til skýrslutöku. Í málum þar sem kærði var handtekinn í beinu framhaldi af atviki voru dæmi um að hann sætti ekki líkamsrannsókn. Vettvangsrannsókn var yfirleitt til fyrirmyndar, en þó voru nokkur dæmi um að ekki hefði verið gripið til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja vettvang og þess voru einnig dæmi að engin vettvangsrannsókn færi fram. Í einu máli hafði láðst að taka niður nöfn

vitna á vettvangi. Í öðru máli fór fram svokölluð myndsakbending þrátt fyrir að brotþoli óskaði eftir sakbendingu. Brotþolin bar ekki kennsl á grunaða við myndsakbendinguna. Í fyrri skýrslu vinnuhópsins frá árinu 2002 var lagt til að við upphaf rannsóknar nauðgunarmáls dragi lögreglustjóri/löglærður fulltrúi og rannsóknarlögreglumaður/yfirmaður lögreglu, sem annast rannsóknina, í sameiningu upp áætlun um hvernig rannsókninni skuli hagað. Málin sem hafa verið yfirfarin bera ekki með sér að lögreglustjóri/löglærður fulltrúi komi að rannsókn í upphafi með þessum hætti.

Skýrslutaka. Í tveimur málum var ástæða til að gera athugasemdir við ómarkvissa skýrslutöku af þroskaheftum brotþolum/kærðum. Í öðru málinu var réttargæslumaður ekki kvaddur til að vera viðstaddur fyrstu skýrslutöku brotþola. Dæmi var um að teknar höfðu verið símaskýrslur af vitnum á vettvangi, sem skýrðu mun ítarlegar frá atvikum fyrir dómi. Í einu máli var vinkona brotþola spurð hvort brotþoli ætti til að vera lauslát undir áhrifum áfengis. Nokkuð vantaði uppá að bókað væri um það hvenær yfirheyrslu lauk og hvað varð um þann sem var yfirheyrður, sbr. 69. gr. oml.

Greinargerðir. Gerðar eru sömu athugasemdir og í fyrri skýrslu starfshópsins varðandi greinargerðir samkvæmt 1. mgr. 77. gr. oml. Ekki verður séð að nokkrar breytingar hafi orðið á framkvæmd að þessu leyti þrátt fyrir tillögur starfshópsins. Misjafnt er hvort lögreglustjórar senda ríkissaksóknara slíkar greinargerðir og hvernig þær eru unnar. Oft fylgja alls engar greinargerðir, stundum ritar rannsóknarlögreglumaður samantekt með málunum, stundum er samantektin unnin af rannsóknarlögreglumanni og lögreglustjóra/löglærðum fulltrúa. Sérstaklega hafði tekist vel til með greinargerðir rannsóknarlögreglumanna og löglærðra fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við málsmeðferð ákærvaldsins:

Málshraði. Tekið var saman meðaltal málsmeðferðartíma í dögum talið frá því að mál barst ríkissaksóknara þar til ákvörðun um saksókn var tekin.

	2002	2003	2004	2005	2006
Meðaltal dagafjöldi	18	22	25	46	39
Lengst	42	56	77	143	163
Styst	2	7	7	6	4

Málsmeðferðartími er að meðaltali ekki langur að mati starfshópsins og var því styttri en við fyrri athugun, þótt málafjöldi hefði nær tvöfaldast. Þó kemur fyrir að mál hafi dregist úr hófi. Eitt mál árið 2005 hafði verið 143 daga til meðferðar. Skýringar á því að mál var 163 daga til meðferðar árið 2006 voru þær að ríkissaksóknari óskaði eftir sérfræðigögnum án milligöngu lögreglu. Í allflestum tilvikum voru mál afgreidd innan 30 daga, sbr. markmiðssetningu ríkissaksóknara.

Skráning mála. Nokkur dæmi voru um að mál væru ranglega skráð sem brot á 194. gr. almennra hegningarlaga í málaskrá ákærvalds og lögreglu.

Eftirlit. Sjaldan voru gerðar athugasemdir við rannsókn mála sem voru felld niður, þótt ástæða væri til. Sjaldan var krafist skýringa á því hvers vegna rannsókn hefði dregist úr hófi. Í einu máli viðurkenndi kærandi að hafa borið kærða röngum sökum, en málinu var ekki fylgt eftir að því leyti.

Ákvörðun um saksókn. Á tímabilinu sem var til skoðunar hafði verið ákært í 51 máli. Sakfellingardómar voru 24, en sýknudómar 20. Fjórar ákærur útgefnar árið 2006 eru enn ódæmdar. Ákæruhlutfallið var um 33 % og sakfellingarhlutfallið 47 %. Ef skoðað er næsta 5 ára tímabil á undan var ákæruhlutfallið lítið lægra, eða um 31 %, en sakfellingarhlutfallið ívið hærra, eða 60 %. Þegar þessar tölur eru skoðaðar verður að hafa í huga að nokkur mál frá árinu 2006 eru ódæmd. Auk þess er ólengi tveimur eldri málum, sem að framan greinir. Þó virðist mega draga þá ályktun að þróun sé í þá átt að ákæra í vafatilvikum. Sýknudómum virðist fjölga hlutfallslega.

III. Tillögur starfshópsins

1. Fyrirmæli/leiðbeiningar um hámarkstíma málsmeðferðar

Lagt er til að ríkissaksóknari gefi fyrirmæli um hámarkstíma málsmeðferðar í nauðgunarmálum. Málsmeðferðartími hjá lögreglustjórum, talið frá kæru eða frá þeirri stundu að upplýst er hver kærður er, þar til rannsókn lýkur og málið er sent ríkissaksóknara, verði ekki lengri en 45 dagar nema rannsóknarhagsmunir eða aðrar alveg sérstakar ástæður krefji. Lögreglustjóri geri ríkissaksóknara grein fyrir ástæðum þess að rannsókn fari fram úr tímamörkum.

Fyrirmælin taki einnig til málsmeðferðar hjá embætti ríkissaksóknara, sbr. fyrrnefnda markmiðssetningu með minnisblaði frá 27. apríl 2001. Ákvörðun um saksókn verði tekin innan 30 daga frá því mál barst ríkissaksóknara. Þyki nauðsynlegt að senda mál til framhaldsrannsóknar verði tiltekinn hæfilegur frestur til lögreglustjóra. Ákvörðun um saksókn verði tekin innan 15 daga frá því mál berst ríkissaksóknara að nýju.

2. Rannsóknaraðstoð

Með lögum nr. 46/2006 um breytingu á lögreglulögum sem tóku gildi nú um áramótin var fellt úr lögum ákvæði um sérstaka rannsóknaraðstoð ríkislögreglustjóra, sbr. áður b. lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaganna. Í athugasemdum með frumvarpi að breytingarlögunum sagði að með rannsóknardeildunum minnki þörf fyrir rannsóknaraðstoð og þar af leiðandi þörfin fyrir að mæla sérstaklega fyrir um það hlutverk ríkislögreglustjóra að veita slíka aðstoð. Í staðinn var gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra setti nánari reglur um rannsóknaraðstoð, sem eftir atvikum kæmi frá þeim lögregluembættum þar sem fyrir hendi væri mest sérþekking á því sviði sem um ræðir hverju sinni. Það gefur auga leið að sérhæfing í rannsókn kynferðisbrotamála mun verða mest við hina nýju rannsóknardeild í kynferðisbrotamálum við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Æskilegt væri að þessi deild gæti tekið við því hlutverki að sinna rannsóknaraðstoð á þessu sviði. Jafnframt að kveðið yrði sérstaklega á um þetta hlutverk deildarinnar í reglum dómsmálaráðherra, sbr. það sem að ofan greinir. Þá yrði að tryggja deildinni nægjanlegt fjármagn og mannafla til að sinna rannsóknaraðstoð á landsvísu.

3. Leiðbeiningar um rannsókn nauðgunarmála

Lagðar eru til nokkrar breytingar á leiðbeiningum ríkissaksóknara um rannsókn nauðgunarmála frá 17. apríl 2002.

Breytingartillögur taka mið af breytingum sem orðið hafa á lögum og reglugerðum, þ.m.t. nýrri skilgreiningu nauðgunar í almennum hegningarlögum.

Jafnframt hefur verið horft til breytinga sem orðið hafa á skipan lögreglu í landinu. Drög að endurskoðuðum reglum fylgja hjálagt (tillögur um breytingar undirstrikaðar):

Leiðbeiningar um rannsókn nauðgunarmála

Kæra og fyrstu aðgerðir

1. Móttaka á nauðgunarkæru

- 1.1. Að jafnaði skal taka kærur um nauðgun niður á starfsstöð lögreglunnar. Nú hefur brotþoli samband við lögreglu og ber lögreglu þá að bjóðast til að aka henni/honum á lögreglustöð.
- 1.2. Nú er brotþoli staddur á neyðarmóttöku eða getur ekki komið til lögreglu vegna ástands síns og skal þá farið til hennar/hans eins fljótt og mögulegt er. Í þessum leiðbeiningum er með orðinu neyðarmóttaka jafnframt átt við sjúkrahús og heilsugæslustöð þar sem ekki er rekin sérstök neyðarmóttaka fyrir þolendur nauðgunar.
- 1.3. Nauðgunarkærur eiga að njóta forgangs hjá lögreglu. Ekki má láta brotþola sitja meðal annarra kæranda og bíða afgreiðslu.
- 1.4. Auðsýna skal brotþola fyllstu tillitsemi og vingjarnlegt viðmót og hafa í huga að hún/hann getur verið í kreppuástandi eða úr jafnvægi vegna árásarinnar sem hún/hann hefur orðið fyrir.
- 1.5. Skrifa skal allar kærur niður og færa í málaskrá. Gæta skal þess að brotaheiti sé rétt fært í málaskrá. Mikilvægt er að brotþola verði ekki mætt með vantrú eða tortryggni. Komi fram eða liggja fyrir vísbendingar um að kæra sé röng ber að reyna að leiða hið rétta í ljós í komandi rannsókn.
- 1.6. Virða skal óskir brotþola um að gefa skýrslu fyrir konu eða karli.
- 1.7. Ef brotþoli er yngri en 18 ára ber að gera barnaverndarnefnd viðvart.

2. Frumskýrsla – fyrsta skýrsla

- 2.1. Á þessu stigi málsins skal aðeins taka stutta frumskýrslu. Skrá skal niður stutta kærulýsingu þar sem leggja ber áherslu á upplýsingar um verknaðinn, brotamanninn, vettvanginn og vitni, svo að unnt sé að hefja rannsóknina; skoðun á vettvangi og leit að brotamanninum.
- 2.2. Gera skal brotþola viðvart um eftirfarandi atriði:
 - 2.2.1. Að á þessu stigi verði einungis leitað eftir grundvallar upplýsingum hjá henni/honum, sbr. lið 2.1.
 - 2.2.2. Að þýðingarmikið sé að hún/hann verði flutt/ur sem fyrst í neyðarmóttöku þar sem hún/hann muni njóta stuðnings og undirgangast lækniSSkoðun o.s.frv. Kynna ber hvers sé að vænta í neyðarmóttökunni.
 - 2.2.3. Að hún/hann gefi aðalskýrslu að lokinni lækniSSkoðun enda treysti hún/hann sér til þess.

Ef brotþoli er yngri en 18 ára ber að gera henni/honum grein fyrir að aðalskýrsla verði tekin fyrir dómi.

3. Símaerindi varðandi nauðgun

- 3.1. Ekki má vísa frá erindi þess sem hringir og íhugar að kæra nauðgun og vill leita ráða hjá lögreglunni í því sambandi. Símaerindi skal gefa strax til yfirmanns þeirrar deildar, sem með mál þessi fer, eða til rannsóknarlögreglumanns/lögreglumanns á vakt eftir því sem við á. Áríðandi er að benda viðkomandi á þjónustu neyðarmóttökunnar.
- 3.2. Öll símaerindi skal skrá í dagbók lögreglu og skal þar koma fram hvaða úrlausn þau fengu.

4. Neyðarmóttaka

- 4.1. Þegar sýnt er að brotþoli, sem leitað hefur til lögreglu vegna nauðgunar, verður flutt/fluttur í neyðarmóttöku, skal gera viðvart þangað þegar í stað. Flytja skal brotþola í neyðarmóttöku þegar að lokinni frumskýrslu.
- 4.2. Á neyðarmóttökunni er þetta gert m.a.:
 - 4.2.1. Fatnaður brotþola tekinn til rannsóknar.
 - 4.2.2. Áverkar skráðir og ljósmyndaðir. Starfsfólk neyðarmóttöku annast að jafnaði myndatökuna.
 - 4.2.3. Sýni tekin til DNA samanburðarrannsóknar. Sýnataka er háð samþykki brotþola.
 - 4.2.4. Blóðsýni tekið til alkóhólrannsóknar, fíkniefnarannsóknar og/eða lyfjaleitar, ef ástæða er til.
- 4.3. Í tengslum við öflun og varðveislu sönnunargagna hefur verið tekin í notkun askja með ýmsum hjálpargögnum. Að lokinni notkun er askjan fyllt að nýju.
- 4.4. Lögreglumenn, sem til þess hafa fengið sérstaka þjálfun, sjá um að flokka sönnunargögn, sem aflað hefur verið við skoðun í neyðarmóttöku, skrá, ljósmynda, rannsaka og senda þau annað með beiðni um sértækar rannsóknir ef með þarf.

5. Skýrsla brotþola

- 5.1. Aðalskýrslu af brotþola, þar sem tekið er á öllum þáttum sem skipta máli, ber fyrst að taka eftir að læknisrannsókn er lokið og ekki fyrr en það er ráðlegt eða mögulegt með tilliti til ástands brotþola.
- 5.2. Skýrslutakan má fara fram í neyðarmóttökunni bjóði aðstæður upp á það. Krefjist rannsóknarnauðsyn þess ekki að brotþoli gefi frekari upplýsingar eftir læknisskoðun má fresta skýrslutöku til næsta dags.
- 5.3. Heimila má þeim sem brotþoli óskar eftir að vera viðstaddur skýrslutökuna, ef það þykir skaðlaust vegna rannsóknar málsins.

- 5.4. Leiðbeina skal brotþola um rétt til að fá tilnefndan réttargæslumann. Lögreglustjóri/löglærður fulltrúi tilnefnir réttargæslumann.
- 5.5. Nú er brotþoli yngri en 18 ára og skal þá lögreglustjóri/löglærður fulltrúi lögreglustjóra þegar að lokinni frumskýrslu rita viðkomandi héraðsdómstól bréf með beiðni um skýrslutöku fyrir dómi. Ávallt ber að tilnefna réttargæslumann í þessum tilvikum skv. 1. mgr. 44. gr. b. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.
- 5.6. Nú á brotþoli við geðsjúkdóm eða andlega vanheilsu að stríða og er lögreglu þá heimilt að leita eftir því við héraðsdómstól að skýrslutaka fari fram fyrir dómi. Heimilt er að tilnefna brotþola réttargæslumann þótt hann eða lögráðamaður hafi ekki óskað þess, sbr. 3. mgr. 44. gr. b. laga um meðferð opinberra mála.

Skýrslutaka og rannsókn

6. Vettvangsrannsókn

- 6.1. Farið skal á vettvang eins fljótt og unnt er til þess að tryggja og varðveita sönnunargögn sem kunna að vera þar.
- 6.2. Vernda skal vettvang til að koma í veg fyrir að:
- 6.2.1. Sönnunargögn tapist eða verði afmáð.
- 6.2.3. Efni, t.d. óhreinindi, sem ekki koma málinu við, berist inn á vettvanginn.
- 6.2.4. Sönnunargögn verði færð eða flutt til.
- 6.3. Vettvangsrannsókn annast lögreglumaður sem hefur verið sérstaklega þjálfaður til þess, ef því verður við komið. Rétt er að taka ljósmyndir af vettvangi áður en hann er rannsakaður.
- 6.4. Hafa ber í huga að nauðsynlegt getur verið að spyrja nágretta vettvangs hvers þeir hafa orðið varir o.s.frv.

7. Brotþoli

- 7.1. *Sönnunargögn á brotþola.*
Brotþoli verður væntanlega færður í neyðarmóttöku til læknisskoðunar þar sem fót hennar/hans verða jafnframt tekin til viðeigandi rannsókna. Öðrum þræði gengur læknisskoðun og meðferð á neyðarmóttöku út á að leita að og tryggja sönnunargögn sem þolandi ber, sbr. lið 4.2. Þess vegna er brýnt að allt verði gert sem mögulegt er að gera til að varðveita þau fram yfir læknisskoðunina.
Oft getur verið ástæða til að óska þess að blóð verði tekið úr þolanda til alkóhólrannsóknar, fíkniefnarannsóknar og/eða lyfjaleitar. Hafi blóðtöku verið óskað í þessu skyni en synjað, skal geta þess í skýrslu.
- 7.2. *Skýrslutaka af brotþola.*
- 7.2.1. Gæta skal ákvæða laga um meðferð opinberra mála um vitnaskyldu og vitnaábyrgð og kynna brotþola rétt til að fá tilnefndan réttargæslumann, til að hafa uppi bótakröfu og bótarétt skv. lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolanda afbrota nr. 69/1995.

7.2.2. *Frumskýrsla, sbr. lið 2.*

Leita skal upplýsinga um verknað, sakborning, vettvang og hugsanleg vitni, fyrst og fremst til þess að unnt sé að hefja rannsókn, skoðun á vettvangi, leit að sakborningi og vitnum.

Spurt er hvar? - Hvenær? - Hver?

7.2.3. *Aðalskýrsla.*

Spyrja skal um nafn, kennitölu, stöðu, vinnustað, heimilisfang og símanúmer.

Síðan er spurt:

- Hver er brotamaðurinn?
- Hvernig hittust brotþoli og brotamaður?
- Þekktust þau?
- Hvernig fóru þau á staðinn þar sem brotið var framið?
- Nákvæm staðsetning vettvangs og lýsing á honum.
- Sá brotþoli einhvern sem gæti veitt upplýsingar í málinu?
- Hvað gerðist í samskiptum þeirra fyrir nauðgunina - orðræður sem geta skipt máli.
- Kallaði brotþoli á hjálp? Ef ekki, hvers vegna ekki?
- Var ofbeldi beitt? Í hverju var það fólgið? Hvernig var brotþola haldið o.s.frv.? Skýr og nákvæm lýsing.
- Var vopni beitt?
- Var hótun um ofbeldi beitt? Hverjar voru hótanirnar? Var beitt hótun um eitthvað annað en ofbeldi?
- Var annars konar nauðung beitt?
- Var eitthvað sem gerði það að verkum að brotþoli taldi sig ekki geta spornað við verknaðinum?
- Hvernig lágu þau? Á hverju lágu þau?
- Varðist brotþoli nauðguninni? Hvernig?
- Var brotið fullframið?
- Hvernig komst brotþoli undan?
- Hvert fór brotamaður?
- Lýsing á fötum beggja.
- Samræður sem varða brotið. Sagði brotamaður, ef ókunnur, eitthvað um sig eða annað sem máli getur skipt?
- Tapaði brotþoli einhverju eða skildi eftir á vettvangi?
- Skildi brotamaðurinn eitthvað eftir á vettvangi?
- Hverjum sagði brotþoli fyrst frá? Hvenær? Hvar? Ef nokkur tími er liðinn og brotþoli hefur ekki sagt neinum frá - hvers vegna?
- Brotþoli lýsi meiðslum sínum og skemmdum á fatnaði sínum.
- Aðeins skal spyrja um kynferðissamband eða mök við annan eða aðra fyrir nauðgunina ef það hefur verulega þýðingu í málinu. Komi til slíkra spurninga skal bera þær upp af tillitssemi.
- Nákvæm lýsing á brotamanni, ef hann er óþekktur.
- Leita eftir að aflétt verði þagnarskyldu sérfræðinga sem koma að rannsókn málsins, s.s. lækna og sálfræðinga/geðlækna.

- 7.2.4. Nú óskar brotþoli eftir að afturkalla kæru og skal þá taka af henni/honum skýrslu þar sem ástæður verði tilgreindar. Brotþola verði kynnt að hún/hann hafi ekki forræði sakarefnisins og að málið kunni eftir sem áður að leiða til ákæru.

8. Sakborningur - kærði

- 8.1. *Upphafsaðgerðir lögreglu* skulu miða að því að komast sem fyrst að því hver meintur brotamaður – sakborningurinn – er. Sakborningur er sá sem er grunaður eða sakaður um verknaðinn. Sakborningur skal handtekinn og færður tafarlaust til yfirheyrslu. Þess skal gætt að hann hafi ekki tók á að spilla rannsókn málsins. Við yfirheyrslu skal gæta ákvæða laga um réttastöðu sakborninga, um upplýsingaskyldu lögreglu, rétt sakbornings til að tjá sig um sakarefnið, þagnarrétt og réttar hans til aðstoðar verjanda. Þegar að yfirheyrslu sakbornings kemur eiga eftir atvikum við öll þau fyrirsmáli sem áður getur um yfirheyrslur brotþola varðandi hið meinta brot og aðstæður, sbr. lið 7.2.3. Þrátt fyrir að sakborningur játi brot sitt verður lögreglan að gæta þess að sú játning verði studd nauðsynlegum sönnunargögnum. Sakborningur sem er grunaður um nauðgun skal færður til líkamsrannsóknar í leit að vísbendingum til sönnunar ætluðu broti eins fljótt og hægt er. Vera kann að rétt sé að framkvæma það áður en ítarleg skýrsla hefur verið tekin af honum. Oft þarf lögreglan að leita atbeina dómara til að fá framkvæmdar tilteknar aðgerðir í þágu rannsóknar máls, hvort heldur er frekari þvingunarráðstafanir en þær sem lögregla sjálf getur tekið ákvörðun um, eða til að óska eftir því að sakborningur verði látinn staðfesta framburð sinn fyrir dómi.
- 8.2. *Fatnaður.* Sé ástæða til að ætla að sakborningur gangi enn í fötunum sem hann klæddist þegar atvikið átti sér stað, skal tryggja að þau verði skoðuð rækilega og sönnunargagna leitað. Bent er á reglur, sem gilda á neyðarmóttöku um töku fatnaðar þolanda afbrotsins til skoðunar.
- 8.3. *Læknisskoðun.* Oft er áriðandi að sakborningur gangist undir læknisskoðun jafnframt því sem honum verði tekið blóð til rannsóknar - DNA, HIV, alkóhól, ávana- og fíkniefni. Ástæða getur verið til að leita að skránum eða rispum á líkama grunaða, kemma hár hans, þ.m.t. kynhár, klippa neglur, taka skaf undan þeim o.s.frv. Um töku og meðferð lífsýna er vísað til reglna ríkislögreglustjórans um haldlagningu og meðferð sönnunargagna.
- 8.4. *Ljósmynda* skal sönnunargögn, s.s. fatnað og áverka.
- 8.5. *Yfirheyrsla.* Spyrja skal sakborning um nafn, kennitölu, stöðu, vinnustað, heimilisfang og tengsl við brotþola. Ennfremur skal, eftir að sakborningur hefur gefið skýrslu, biðja hann að veita upplýsingar vegna æviferilsskýrslu. Ástæða kann að vera til að leita eftir upplýsingum í æviferilsskýrslur hjá öðrum en sakborningi sjálfum, s.s. félagsmálafyrirvöldum. Um yfirheyrslu sakbornings vísast að öðru leyti til reglugerðar um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslur hjá lögreglu nr. 395/1997.

9. Vitni

- 9.1. Mikilvægt er að hafa uppá þeim sem kunna að geta greint frá atriðum sem máli skipta fyrir rannsókn og taka skýrslur af eftirtöldum vitnum:
- Vitnum sem hafa verið í fylgd, eða í nálægð við brotþola/kærða, eða í nálægð við vettvang fyrir, eftir eða meðan á meintu broti stóð.
 - Vitni sem brotþoli/kærði hafa trúað fyrir atvikum eftir verknað.
- 9.2. Afla skal vottorða lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks, s.s. geðlækna, sálfræðinga og félagsráðgjafa, sem kærandi hefur leitað til eftir verknaðinn.
- 9.3. Nú þarf að yfirheyra vitni í öðru lögregluumdæmi og skal þeirri rannsókn þá flýtt sem kostur er. Um rannsóknaraðgerðir utan rannsóknarumdæmis skal fara að fyrirmælum í 4. gr. reglugerðar um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildar og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála nr. 1130/2006.

10. Aðrar rannsóknaraðgerðir

Eftir málsatvikum kunna eftirgreindar rannsóknaraðferðir m.a. að koma til greina:

- Spyrjast fyrir á vettvangi og í nágrenni.
- Upplýsingar um síma-/tölvusamskipti.
- Sviðsetning.
- Sakbending.
- Skoðun myndasafns lögreglu.
- Teikning af grunaða eftir lýsingu brotþola.
- Samsetning mynda.

11. Lok rannsóknar

11.1. *Lok máls hjá lögreglu.*

- 11.1.1. Nú þykja ekki efni til að byrja rannsókn út af kæru og vísar lögregla henni þá frá, sbr. 1. málslíð 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála. Hafi rannsókn byrjað getur lögregla hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram eða ef í ljós kemur að kæra var ekki á rökum reist, sbr. 2. málslíð sömu greinar.
- 11.1.2. Lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi taki ákvörðun um að vísa frá kæru eða hætta rannsókn vegna kæru um nauðgun. Nú er kæru vísað frá eða rannsókn hætt og skal þá lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans tilkynna kærða og kæranda þá ákvörðun. Skal kæranda jafnframt bent á að hann geti borið ákvörðunina undir ríkissaksóknara, sbr. 2. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála.

11.2. *Mál sent ríkissaksóknara.*

- 11.2.1. Að lokinni rannsókn nauðgunarmáls sendir lögreglustjóri ríkissaksóknara rannsóknargögnin.

11.2.2. Með rannsóknargögnum fylgi greinargerð lögreglustjóra eða löglærðs fulltrúa þar sem kemur fram samandregin lýsing á atriðum sem hann telur ákæru geta beinst að, sbr. 1. mgr. 77. gr. laga um meðferð opinberra mála.

12. Aðstoð við rannsókn mála

Rannsóknardeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu..

12.1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu starfrækir rannsóknardeild í kynferðisbrotamálum sem m.a. ber að aðstoða aðra lögreglustjóra við rannsókn kynferðisbrotamála.

Tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

12.2. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu starfrækir tæknideild sem m.a. sinnir vettvangsrannsóknum og skal þjóna öllum lögregluumdæmum.

12.3. Lögreglustjórar bera ábyrgð á að leitað verði aðstoðar við rannsókn mála þegar við á. Hafa ber í huga að nauðgun er alvarlegt brot sem oft er örðugt að sanna eðli málsins samkvæmt en vönduð og fagleg lögreglurannsókn getur skipt sköpum í því sambandi. Lögreglustjórar eiga því að jafnaði að leita aðstoðar við rannsókn nauðgunarbrot.

Reykjavík, 21. maí 2007

Ragnheiður Harðardóttir

Arnar Guðmundsson

Gísli Pálsson

Hörður Jóhannesson